

Nd. **874. Breytingartillögur** [109. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 63 28. maí 1969, um verzlun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf.

Frá Jóni Kjartanssyni.

1) 1. gr. orðist svo:

7. gr. laga nr. 63 frá 28. maí 1969, um verzlun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, orðist svo:

Allar vörur, sem Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins selur, skulu merktar með nafni verzlunarinnar og/eða merki hennar. Einnig er Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins skylt að verja 2% af brúttósölu tóbaks til greiðslu auglýsinga í sjónvarpi, hljóðvarpi, blöðum, kvikmyndahúsum og víðar, þar sem varað er við hættu af tóbaksreykingum. Um alla framkvæmd þessa skal haft samráð við stjórn Hjartaverndar og stjórn Krabbameinsfélags Íslands.

Allar auglýsingar á tóbaki í blöðum, útvarpi, sjónvarpi, kvikmyndahúsum og utandyra skulu bannaðar. Þó er Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins heimilt að auglýsa verð á tóbaksvörum.

2) 2. gr. orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1972.